

Alþingi
Allsherjar- og menntamálanefnd
Kirkjustræti 150 Reykjavík

Reykjavík 6. júní 2022

Efni: Umsögn um stjórnarfrumvarp lagt fram á 152. löggjafarþingi 2021-2022 af dómsmálaráðherra, Þingskjal 838 — 596. mál[1], um breytingu á áfengislögum, nr. 75/1998 (sala á framleiðslustað).

Æskan barnahreyfing leggst eindregið gegn umræddu frumvarpi og sér fram á að samþykkt þess muni leiða til aukinnar áfengisneyslu í landinu. Það mun auka þann vanda sem neysla áfengis veldur. Áfengi er engin venjuleg neysluvara heldur lífrænt leysiefni, eitur sem er notað sem hugbreytandi vímuefni og er fíkniefni og eiturlyf. Áfengi hefur mikla sérstöðu sem lögleg vara og fráleitt að um hana þurfi eða eigi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.[2]

Samfélagið er á móti auknu aðgengi að áfengi. Samfélagið kallar eftir sterkum forvörnum þar sem sannreyndar aðferðir virka best svo sem hátt verð, takmarkað aðgengi og sölustaðir ásamt banni við markaðssetningu á áfengi.

Heimsbyggðin vinnur gegn aukinni neyslu áfengis og á 75 þingi alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) komu fram sterkari skilaboð til aðildarríkjanna að draga úr neyslu áfengis með þeim verkfærum sem sannarlega hafa reynst vel.[3]

Æskan vinnur mikið með almenningi í grasrótastarfi, þar kemur fram mikil andúð samfélagsins á frumvarpinu. Frumvarp þetta er í algerrí mótisögn við heilbrigðisstefnu þessarar sem og fyrri ríkisstjórna[4]. Frumvarpið vinnur gegn samþykktum Alþingis í málefnum barna, kvenna[5], jafnréttis og ofbeldis ásamt Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna[6] sem er hluti íslenskra laga.

Þetta frumvarp gengur út á að auka aðgengi að áfengi. Með auknu aðgengi eykst neysla. Með aukinni neyslu aukast neikvæðar afleiðingar neyslunnar. Við viljum öll forðast þær afleiðingar og stysta leiðin til að bæta heiminn er að lifa vímuefnalausni lífi.

Ísland er aðili að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.[7] Ljóst er að áfengisneysla hefur neikvæð áhrif og hindrar að minnsta kosti 14 af 17 markmiðunum og 52 af 169 undirmarkmiðum. Sjá bækling.[8] Þeir sem styðja og samþykkja þetta frumvarp þurfa að átta sig á að þeir eru að vinna gegn Heimsmarkmiðunum.

Ísland er aðili að nýrri stefnu WHO í Evrópu sem gengur út á að minnka áfengisneyslu í Evrópu um 10 % milli 2022 og 2030. Vegna aukinna forvarna sumstaðar í Austur-Evrópu þá hefur þetta markmið náðst hjá sumum en á Íslandi hefur áfengisneyslan aukist.[9]

Æskan kallar eftir að unnið verði að heildrænni stefnumótun í málaflokknum. Það er grundvallarskilyrði fyrir frekari skoðunum á breytingum lögum um áfengi eða önnur ávanaefni að fram fari **lýðheilsumat**. Æskan varar við breytingum sem geta leitt til frekari tilslökunar án þess að fyrir liggi rammi eða umgjörð semtekur tillit til forvarna og lýðheilsu. IOGT á Íslandi lýsir sig reiðubúin til að leggja lið við þá vinnu.

[1] <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efrir-thingum/ferill/?ltg=152&mnr=596>

[2] http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf

[3] <https://www.who.int/about/governance/world-health-assembly/seventy-fifth-world-health-assembly>

[4] <https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

[5] <https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/stjornarsattmali/>

[6] <https://www.barnasattmali.is/is>

[7] <https://www.un.is/heimsmarkmidin/>

[8] http://iogt.is/wD-content/uploads/2020/08/Alcohol-and-SDGs-M_ovendi-2.0-ISL-2-29-06-2020-Endanleg-AG.Ddf

[9] <https://movendi.ngo/what-we-do/advocacy/advocacy-priorities/world-health-assembly-2022/>